

Æfingabúðir á Stykkishólmi

Stykkishólmur stendur við Breiðafjörð á norðanverðu Snæfellsnesi. Bærinn er í tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Bærinn stendur á Þórsnesi og er bæjarstæðið einstaklega fallegt. Umsjón með búðunum hefur Siglingadeild Snæfells.



Gisting

Boðið verður upp á gistingu í Grunnskóla Stykkishólms. Þar er einnig aðstaða fyrir morgun og kvöldverð gott eldhús og mótuneyti. Skólinn opnar fyrir okkur á hádegi mánudaginn 2. júlí
Við hlið skólans er tjaldstæði svo þeir sem vilja koma með hjólhýsi eða tjöld geta verið í næsta nágrenni.

Sundlaug og búningaaðstaða

Sundlaug Stykkishólms er í tveggja mínútna göngufæri frá skólanum. Sundlaugin er opin mán-fim frá 07:05-22:00, föstudaga frá 07:05-19:00 og lau-sun frá 10:00-18:00.

(sjá <http://www.stykkisholmur.is/mannlif/sundlaug/>)

Þess má geta að vatnið í heitu pottunum við sundlaug Stykkishólms þykir einstakt. Efnasamsetning þess svipar til vatnsins í Baden Baden í Þýskalandi sem eru ein frægustu heilsuþöð Evrópu.

(sjá <http://www.spa.is/heilsuefling/heilsa/vatnid-goda/>).

Matur.

Innifalið í æfingagjöldum er morgunverður, léttur heitur hádegisverður og eitthvað til að grípa í þegar komið er í land í kaffitímanum um 3 leitið. Morgunverður verður framreiddur í mötuneyti grunnskólans. Hádegisverður verður snæddur við siglingaaðstöðu í landi. Eldunaraðstaða er í grunnskólanum.

Siglingasvæði

Aðstað fyrir báta verður í og við Stykkishólms höfn flestir bátar verða við bryggju. Stykkishólmur liggur á norðanverðu Snæfellsnesi við Breiðafjörð. Utan við Stykkishólm er mikið af eyjum og ákaflega fallegt siglingasvæði. Mikill munur er á flóði og fjöru við Breiðafjörð og því getur myndast straumar við eyjar og sund. Siglingasvæði verða valin sérstaklega til að forðast slíkar aðstæður.

Þjálfarar

Yfirþjálfari eins og áður verður Tom Wilson frá Bretlandi hann bað sérstaklega um að fá að koma til okkar í fríinu sínu frá Oman Sail. Aðrir þjálfarar eru frá siglingafélögum á landinu og sameina þeir krafta sína í að gera þessa viku einstaklega skemmtilega og eftirminnilega.

Verð

Verð fyrir æfingabúðir er íkr. 12.000,- á mann innifalið í því er gisting, morgunmatur og hádegisverður.

Annað

Fjölmargt er í boði í Stykkishólmi fyrir foreldra og aðstandendur.

Vel hefur tekist til við að varðveita eldri hús í bænum og er bæjarmyndin því einstaklega skemmtileg.

Einnig er að finna nokkur söfn í bænum og veitingahús.

Breiðafjarðarferja Baldur fer reglulegar ferðir til Flateyjar og á Brjánslæk frá Stykkishólmi auk þess sem boðið er upp á bátsferðir um Breiðafjörð.

Veitingahús í Stykkishólmi

Narfeyjarstofa

Fimm fiskar

Hótel stykkishólmur

Söfn í Stykkishólmi

Ljósmyndasafn Stykkishólms

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið

Vatnasafn - Library of Water/Roni Horn

Eldfjallasafn

Fleiri upplýsingar um Stykkishólm má finna á <http://www.stykkisholmur.is/>